

## Bókalisti fyrir valflokka

### **Andri Snær Magnason**

Blái hnötturinn  
Tímakistan

### **Friðrik Erlingsson**

Benjamín dúfa  
Þór í heljargreipum

### **Guðmundur Ólafsson**

Emil og Skundi *bók 1 og 2*

### **Guðrún Helgadóttir**

Öðruvísi fjölskylda  
Jón Oddur og Jón Bjarni

### **Gunnar Helgason**

Víti í Vestmannaeyjum  
Aukaspyrna á Akureyri

### **Kristín Helga Gunnarsdóttir**

Draugaslóð  
Ríólítreglan

### **Kristín Steinsdóttir**

Hetjur  
Franskbauð með sultu

### **Margrét Örnólfsdóttir**

Aþena. Hvað er málið með Haítí?  
Með heiminn í vasanum

### **Ragnheiður Gestsdóttir**

Gegnum glervegginn

### **Þorgrímur Þráinsson**

Ertu Guð afi?  
Tár bros og takkaskór

### **Þjóðsögur: (blá -, rauð -, og grænkápa)**

Djárninn á Myrká	Ýmis þjóðsagnasöfn
Sálin hans Jóns míns	Ýmis þjóðsagnasöfn
Gilitrutt	Ýmis þjóðsagnasöfn
Búkolla.	Ýmis þjóðsagnasöfn
Miklabæjar-Solveig	Ýmis þjóðsagnasöfn
Bakkabræður	Ýmis þjóðsagnasöfn

### **Íslendingasögur í endursögn**

#### **Brynhildar Þórarinsdóttur**

Njála  
Egla  
Laxdæla

Að auki verða hraðaspurningar úr ýmsum áttum. Vísendingaspurningar sem reyna á almenna þekkingu barnanna úr heimi skáldverka fyrir börn og ungmenni s.s. bókattilar, höfundar og fleira.

#### **Unnið af:**

Forstöðumanni skólasafnas Álfhólsskóla (Hjalla) ásamt kennurum skólans á miðstigi.

#### **Í samvinnu við:**

**Bókasafn Kópavogs og  
Hljóðbókasafn Íslands**

Verndarar verkefnisins eru:  
dr. Sigrún Klara Hannesdóttir og  
Guðlaug Snorradóttir sérkennari

## Álfhólsskóli Kópavogi



Spurningakeppnin  
Lesum meira  
fyrir 6.—7. bekk

# Spurningakeppni miðstigs

Keppnin er samvinna skólasafns og kennara skólans sem kenna á miðstigi. Forstöðumaður skólasafns ber meginábyrgð á framkvæmd keppinnar en umsjónarkennarar á miðstigi styðja alla nemendur miðstigs til þátttöku og virkni. Upphaflega hugmyndin að keppninni er komin frá Fanneyju Pétursdóttur og samstarfsfólki hennar í Grunnskólanum í Grindavík en hún hefur veitt þeim skólum sem hér eru nefndir leyfi til að nýta hugmyndavinnuna og kunnum við henni bestu þakkir fyrir.

Spurningakeppnin Lesum meira er eingöngu á milli þeirra bekkja sem eru á miðstigi skólanna. Keppnin er tvískipt, annars vegar milli 4. og 5. bekkja skólans og hins vegar á milli 6. og 7. bekkja. Í Álfhólsskóla keppa 9 bekkjadeildir og því er erfitt að sjá öllum bekkjum fyrir bókum á sama tíma. Auðsýnt þykir að foreldrar verði að leyfa börnum sínum að kíkja í bókaskápa fjölskyldunnar og jafnvel stórfjölskyldunnar.

Skólasafnið vill hvetja alla á miðstigi til að mæta á Bókasafn Kópavogs. Þeir bjóða upp á sumarlestur og hvetjum við alla nemendur okkar til að taka þátt. Einnig erum við í samvinnu við Hljóðbókasafn Íslands sem biður upp á hljóðbækur fyrir þá sem þurfa. Það er því von á góðu lestrarsumri.

Markmiðið er að gera nemendur víðlesnari, auðga orðaforða þeirra, kynna þeim nokkur skáldverk á sviði barna- og unglingsbóka og höfunda þeirra en ekki hvað síst að vekja áhuga þeirra á bóklestri.

Hér eru valdar bækur sem flestir eiga að geta lesið og nálgast. Það er hins vegar mikilvægt að allir hjálpist að bæði heima og í skólanum.

Einnig þarf bekkurinn að standa vel saman. Bekkir sem vinna vel saman og skipuleggja lesturinn vel geta komist yfir mun meira magn bóka en hinir. Við bendum á að það er mikilvægt að foreldrar styðji börn sín og hvetji en einnig að margar leiðir eru færar til að gera lesturinn að skemmtilegri samveru. Nefna má: víxllestur, samlestur, umræður, gera spurningar úr bókunum og fleira. Lesum því og lesum.

## Uppbygging og fyrirkomulag

Spurningakeppnin skiptist í þrjú hluta: Fyrst eru hraðaspurningar sem koma úr ýmsum áttum og skiptir þá máli að hafa verið dugleg/ur að lesa í gegnum tíðina því ekki er hægt að undirbúa sig sérstaklega fyrir þennan þátt. Þá koma vísbendingaspurningar sem reyna á almenna þekkingu barna og hvað þau muna úr heimi skáldverka ætluðum börnum. Þar eru spurt um höfunda, bókatitla og fleira. Að lokum koma valflokkarnir sem eru þrettán og eru þrjár spurningar úr hverjum flokki sem gefa 1 til 3 stig. Nemendur fá hér lista, sjá aftan á blaðinu, yfir þær bækur sem eru í valflokkunum og hvetjum við ykkur til að lesa allar bækurnar vel og njóta þess að lesa saman. Þeir sem þurfa að nota hljóðbækur geta nálgast þær á vefsíðu Hljóðbókasafns.



## Reglur í Lesum meira spurningakeppni á miðstigi

1. Hraðaspurningar í 90 sek. – dregið er um hvort liðið byrjar og hitt liðið vikur afsíðis á meðan.
2. Vísbendingaspurningar, eru bjöllu-spurningar og umhugsunartími er 20 sek. Hver spurning er í þremur liðum sem gefa frá einu upp í þrjú stig. Þessar spurningar eru þrjár. Það lið sem fyrr nær bjölluinni fær svarréttinn (sú hönd sem neðar er á bjölluinni).
3. Valflokkar. Umhugsunartími 30 sek. Velja má á milli 11 flokka og það lið byrjar að sem lægra er að stigum. Þrjár spurningar eru í hverjum flokki sem gefa 1 – 3 stig hver. Ef lið getur ekki svarað spurningunni fær andstæðingurinn tækifæri til að svara og vinna sér inn þau stig sem í boði eru. Bæði lið geta nýtt sér það einu sinni að spyrja bekkinn. Þá þarf bekkurinn að komast að sameiginlegri niðurstöðu fljótt og vel. Ef lið eru jöfn að stigum í lok keppinnar er gripið til bráðabana – notast er við bjölluspurningar og það lið sem fyrr svarar rétt vinnur.

